

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana 21. maí 2026

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) var haldinn í Norræna húsinu í Reykjavík fimmtudaginn 21. maí 2026 kl. 14:15-15:30 auk þess sem honum var streymt á teams.

1. Setning aðalfundar; kosning fundarstjóra og ritara

Sigríður Kristinsdóttir, formaður FFR, lýsti aðalfund settan og lagði til að Martha Lilja Olsen, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, yrði fundarstjóri og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Þá lagði Sigríður til að Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár og ritari stjórnar FFR yrði fundarritari og var tillagan samþykkt með lófaklappi. Martha Lilja fundarstjóri kynnti sig og lýsti aðalfundinn löglega boðaðan.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðið starfsár

Sigríður, formaður FFR, fór yfir skýrslu stjórnar þ.e. helstu verkefni og megináherslur félagsins á starfsárinu maí 2025 til og með apríl 2026. Í skýrslunni er helstu verkefnum stjórnarinnar lýst með eftirfarandi hætti, auk þess sem þar er gerð grein fyrir félagsstarfinu að öðru leyti:

- a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2025-2026
- b) Samráðsfundir FFR og SKAM
- c) Dómur Hæstaréttar í máli nr. 39/2025
- d) Endurmat á grunnmati forstöðumanna
- e) Endurskoðun starfsreglna stjórnar
- f) Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna
- g) Launaþróun forstöðumanna
- h) Skýrsla starfshóps forsætisráðherra um embættismenn
- i) Fyrirhugaðar breytingar á starfsmannalögum
- j) Umsögn FFR um stöðumat og valkosti um stefnu ríkisins í mannauðsmálum
- k) Tilnefning fulltrúa FFR í stjórn Starfsmenntunarsjóðs embættismanna
- l) Kynning á félaginu hjá Skólameistarafélagi Íslands

- m) Álitsgerðir dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild HR um réttarstöðu forstöðumanna ríkisstofnana
- n) Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna
- o) Öryggismál stofnana og forstöðumanna
- p) Önnur verkefni

Sigríður þakkaði að lokum stjórn félagsins fyrir gott starf og góða samvinnu á liðandi starfsári.

3. Framlagning endurskoðaðra reikninga félagsins

Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands og gjaldkeri FFR, lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og skýrði þá. Reikningar félagsins voru bornir undir fundinn og þeir samþykktir samhljóða.

4. Lagabreytingar.

Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins lágu fyrir fundinum.

5. Stjórnarkjör

Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Landskjörstjórnar og Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinafstöðvar Íslands, stýrðu stjórnarkjöri f.h. kjörnefndar.

Fyrir fundinum lá að kjósa um þrjá meðstjórnendur til næstu tveggja ára, sbr. 6. gr. laga félagsins. Að þessu sinni gekk úr stjórn Magnús Ingvason, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla eftir tveggja ára stjórnarsetu. Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís og Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár, sem setið hafa í stjórn síðustu tvö ár, gáfu áfram kost á sér til stjórnarsetu til næstu tveggja ára, auk Jónu Katrínar Onnoy Hilmarsdóttur, skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni.

Framboð áður talinna frambjóðenda voru staðfest með lófataki. Eftirfarandi forstöðumenn skipa því stjórn félagsins fram að aðalfundi 2027:

Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannís, Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor Háskólans á Akureyri, Hildur Ragnars, forstjóri Þjóðskrár, Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir, skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni, Marín Guðrún Hrafnisdóttir, forstöðumaður Hljóðbókasafns og Örn Hrafnkelsson, landsbókavörður. Formaður stjórnar er Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

Ástríður og Kristján óskaðu stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna.

6. Kosning kjörnefndar

Sigríður formaður stýrði kosningu kjörnefndar. Í kjörnefnd síðasta starfsárs sátu þau Ástríður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Landskjörstjórnar, Kristján Sverrisson, forstjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands og Salvör Nordal umboðsmaður barna. Kristján gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í kjörnefnd en Ástríður og Salvör gáfu kost á sér áfram. Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar, gaf kost á sér til starfa í nefndinni og var kjör hennar, Ástríðar og Salvarar staðfest með lófataki.

7. Kosning tveggja endurskoðenda félagsreikninga og jafnmargra til vara

Sigríður stýrði kosningu endurskoðenda félagsreikninga og varamanna. Endurskoðendur félagsins síðasta starfsár voru þau Gestur Steinþórsson, fyrrverandi skattstjóri í Reykjavík og Ásta Sigrún Helgadóttir, umboðsmaður skuldara. Gáfu þau bæði kost á sér áfram og var kosning þeirra samþykkt með lófataki.

Varamenn endurskoðenda síðasta starfsár voru þau Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri og Harpa Þórsdóttir, þjóðminjavörður og gáfu þau kost á sér áfram. Kjör þeirra staðfest með lófataki.

8. Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Stjórn félagsins lagði til að 30.000 kr. árgjald yrði óbreytt og var það samþykkt.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust. Sigríður formaður bað um orðið og kom á framfæri þökkum til fráfarandi stjórnarmanns fyrir hans góða starf í þágu félagsins. Jafnframt þakkaði hún fundarstjóra fyrir fundarstjórnina.

Fundi var slitið kl. 15:30.

Hildur Ragnars, fundarritari